

1785

Fimmtudaginn 12. nóvember 1992.

Nr. 189/1992. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Bárði Sigurðs Magnússyni

(Guðmundur Kristjánsson hdl.).

Ölvunarakstur. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl sl. Hann krefst sakfellingar samkvæmt ákæru og refsíákvörðunar svo og sviptingar ökuréttinda.

Af hálfu ákærða er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi svo og vettvangskönnun, sem dómari fór ásamt öðrum lögreglumannanna og verjanda ákærða.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa verið undir áhrifum áfengis, þá er lögreglumenn höfðu afskipti af honum, þar sem hann sat undir stýri bifreiðar. Skömmu áður höfðu þeir séð bifreiðinni ekið og veitt henni eftirför. Ber lögreglumönnunum saman um, að þeir hafi séð ákærða undir stýri bifreiðarinnar, áður en henni var ekið spöl þann, sem lýst er í ákæru. Fyrir lögreglu bar ákærði, að maður að nafni Rúnar, sem hann þekkti lítillega, hefði ekið bifreiðinni, en hann verið farinn af vettvangi, þá er lögreglumennirnir höfðu afskipti af ákærða. Fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt, að þetta hafi verið „rugl“, en hefur haldið fast við, að hann hafi ekki ekið bifreiðinni, heldur ókunnur maður, sem hafi farið burt. Lögreglumennirnir hafa borið, að svo skammur tími hafi liðið, frá því er þeir sáu bifreiðinni ekið, að ókleift hefði verið fyrir nokkurn að hverfa frá bifreiðinni á þeim tíma. Vettvangskönnun héraðsdómara styður þann framburð. Héraðsdómari segir í niðurstöðu sinni, að frásögn ákærða af atvikum hafi ekki verið trúverðug. Gögn málsins styðja það álit hans. Verður því að telja, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. nú VII. kafla laga nr.

19/1991, að nægileg sönnun sé fram komin fyrir því, að ákærði hafi brotið gegn þeim ákvæðum, sem í ákæru greinir.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og þykir hún hæfilega ákveðin 40.000 króna sekt til ríkissjóðs. Skal sektin innt af hendi innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 12 daga. Þá hefur ákærði unnið sér til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga í eitt ár.

Árétta ber athugasemd héraðsdómara um frumrannsókn máls þessa.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Bárður Sigurðs Magnússon, greiði 40.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki innt af hendi innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í eitt ár frá birtingu dómsins fyrir ákærða að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, 80.000 krónur, og saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 21. febrúar 1992.

Mál þetta var tekið til dóms 13. þessa mánaðar. Það var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 20. nóvember 1991, gegn Bárði Sigurðs Magnússyni, kt. 021269-5069, til heimilis nú í Hrafnhólum 6, Reykjavík, en áður á Hverfisgötu 40, Hafnarfirði, „fyrir að aka að morgni sunnudagsins 23. júní 1991 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R-79801 frá bænum Öndverðarnesi í Grímsnesi í Árnæssýslu um vegarslóða stuttan spöl norður fyrir Biskupstungnabraut.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af lögbroti því, sem honum er gefið að sök í ákæru. Til vara krefst hann þess, að ákvörðun um refsingu verði skilorðsbundin, ef til sakfellingar kemur, eða að hann verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög frekast leyfa, og að hún verði þá skilorðsbundin, og krefst hann þá þess einnig, að svipting ökuleyfis verði svo væg sem kostur er.

Þá krefst ákærði þess, að allur sakarkostnaður, þar með talin málflutningslaun verjanda að viðbættum virðisaukaskatti skv. lögum nr. 50/1988, verði felldur á ríkissjóð, hver sem úrslit málsins kunna að verða.

Málavextir.

Um sexleytið að morgni sunnudagsins 23. júní 1991 voru lögreglumennirnir Guðmundur Sigurðsson og Valgeir Vilmundarson á eftirlitsferð á lögreglubíl í landi Öndverðarness í Grímsnesi. Þeir óku afleggjarann frá Biskupstungnabraut í áttina heim að bænum. Á krossvegamótum skammt sunnan Biskupstungnabrautar sáu þeir kyrrstæðan bíl, Subaru-fólksbíl, bláan að lit, og veittu athygli manni, sem sat í honum undir stýri. Þeir höfðu ekki afskipti af bílnum þá, en óku lengra til suðurs í átt að bænum til að athuga annan bíl. Þeir sneru síðan við, og á leiðinni til baka sáu þeir, að bifreiðinni, sem staðið hafði við krossvegamótið, hafði verið ekið af stað í átt að Biskupstungnabraut. Lögreglumennirnir eltu bifreiðina. Þeir misstu sjónar á henni, en henni var tekið yfir Biskupstungnabraut og inn á svonefndan Kónsveg, sem liggur til norðurs beint á móti Öndverðarnessafleggjara. Bifreiðin var stöðvuð u. þ. b. 10 m frá Biskupstungnabraut, og þar komu lögreglumennirnir að henni.

Þegar lögreglumennirnir komu að bifreiðinni, sat ákærði þar undir stýri. Drepið hafði verið á vélinni. Annar lögreglumannanna fór út úr lögreglubílnum og hafði tal af ákærða, sem greinilega var undir áhrifum áfengis. Var hann færður yfir í lögreglubílinn og síðan ekið með hann á lögreglustöðina á Selfossi, þar sem læknir tók úr honum blóðsýni. Reyndist alkóhólmagn í blóði með gasgreiningu á súlu vera 1,83 o/oo.

Fleiri menn en ákærði voru í Subaru-bifreiðinni, en ekki er víst, hve margir þeir voru, þrír eða fjórir karlmenn, lögreglumönnum ber ekki saman um töluna. Ekki höfðu þeir tal af öðrum en ákærða, og ekki skrifuðu þeir upp nöfn mannanna. Vitni í máli þessu eru ekki önnur en lögreglumennirnir tveir.

Skýrslur fyrir dómi og fyrir lögreglu.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglumannanna neitaði ákærði, þegar er þeir komu að honum, að hafa ekið bifreiðinni. Segir í skýrslunni, að lykklar að kveikjúlás bílsins hafi verið fjarlægðir, og hafi þeir hvergi fundist.

Ákærði var að lokinni blóðsýnistöku og skýrslutöku varðstjóra settur í fangageymslu lögreglunnar á Selfossi, en síðdegis sama dag, kl. 16.55, var tekin af honum skýrsla og hann síðan látinn laus. Hann hefur gefið skýrslu hér fyrir dómi. Samkvæmt frásögn hans var hann ásamt eiginkonu (sam-býliskonu) sinni og tengdaföður í sumarbústað í Öndverðarnesslandi um þessa helgi. Á laugardagskvöldið var haldin skemmtun í hlöðunni í Öndverðarnesi. Fóru þau þrjú á skemmtunina, og ók konan þeim þangað á Subaru-bílnum. Konan og faðir hennar fóru fljótlega af skemmtuninni á bílnum, en ákærða dvaldist þar lengur. Ákærði kveðst hafa hitt þar mann, sér ókenndan, og hafi þeir farið tveir saman af skemmtuninni og gengið að sumarbústaðnum. Þar hafi hann tekið bíllyklana úr úlpuvasa konu sinnar, og hafi þeir síðan farið á bifreiðinni að leita að „partýi“ í „Múraralandinu“, og hafi hinn óþekkti maður ekið bílnum. Í skýrslu sinni fyrir lögreglu nafngreindi ákærði mann þennan: „Ég hitti pílta þarna, þegar ég var að ganga út úr húsinu þarna (hlöðunni, þar sem skemmtunin var haldin. - Innskot dómara.), sem kallaður er Rúnar, en ég þekki hann mjög lítið og veit ekki, hvers son hann er eða hvar hann á heima.“ Þegar þessi ummæli voru borin undir ákærða hér fyrir dómi, sagði hann um þau: „Þetta er eitthvert rugl bara.“ Kvaðst hann ekki kannast við mann með þessu nafni og ekki muna eftir að hafa hitt mann með þessu heiti á skemmtuninni.

Frásögn ákærða fyrir dómi af akstursleið Subaru-bílsins var ruglingsleg, en honum sagðist svo frá, að þeir, hann og bílstjórinn, hefðu stansað til að taka fólk upp í. Bílstjórinn hefði ekið inn á hliðarveg í Þjónaland, sem hann kveðst halda, að heiti svo. Þar hefði hann stöðvað bílinn og síðan farið út. Kvaðst ákærði ekki vita, hvað af bílstjóranum hefði orðið, hann hefði ekki séð hann síðan. Bíllyklarnir hefðu fundist daginn eftir í hanskahólfi bifreiðarinnar. Ákærði kvaðst hafa setið í aftursæti bifreiðarinnar, en fært sig í bílstjórásætið, þegar bílstjórinn var farinn, til þess að hringja í bílsímann. Stuttu síðar, kannski um hálfri mínútu síðar, hafi lögreglan komið að bílnum. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við hana, fyrr en hún barði á bílrúðuna. Þegar þetta gerðist, hefðu auk sín verið þrír karlmenn í bílnum, ungir menn. Kvaðst hann ekki vita nöfn þeirra og ekki kunna á þeim nein skil. Hann hefði ekki séð þá á ballinu.

Ýtarlega spurður sagði ákærði, að verið gæti, að Subaru-bíllinn, hefði verið stöðvaður við krossvegamótin í Öndverðarnesslandi til að taka mennina upp í. Hann tók fram, að hann hefði verið drukkinn, þegar þetta gerðist, og væri ekki viss um, hvar þeir hefðu verið teknir upp í.

Lögreglumennirnir Valgeir Vilmundarson og Guðmundur Sigurðsson gáfu báðir skýrslu fyrir lögreglu, Valgeir 4. júlí og Guðmundur 5. júlí. Þeir hafa báðir komið fyrir dóminn sem vitni.

Vitninu Valgeiri sagðist svo frá, að þeir lögreglumennirnir hefðu ekið inn á Öndverðarnessveg til að kanna umferð þar. Þar við heimreið af Öndverðarnessvegi hefðu þeir tekið eftir kyrrstæðum bíl. Vitnið kvaðst hafa gefið honum gaum og tekið vel eftir þeim, sem undir stýri sat. Það kvaðst ekki hafa getað séð, hvort annað fólk hefði verið í bifreiðinni, svo margt fólk hefði verið í kringum hana. Hann hefði bara horft á „ökumann“. Þeir hefðu þá ekki haft afskipti af bíl þessum, en ekið áfram í átt að bænum til að athuga annan bíl. Þeir hefðu síðan snúið við og þá séð, að kyrrstæða bílnum hafði verið ekið af stað í átt að Biskupstungnabraut. Þá hefðu verið um 100 m milli bíla. Bifreiðinni hefði verið ekið fremur greitt miðað við aðstæður að Biskupstungnabraut og yfir hana og inn á hliðarveg beint á móti Öndverðarnessvegi. Þar hefði billinn horfið þeim, að því er vitnið taldi, í nokkrar sekúndur. Þeir hefðu síðan séð bílinn aftur, þegar þeir komu upp á Biskupstungnabrautina, og hefði hann þá staðið kyrr u. þ. b. 10 m inni á hliðarveginum. Vitnið kvaðst hafa farið út úr lögreglubílnum til að athuga um ökumann. Maðurinn, sem undir stýri sat, hefði greinilega verið ölvaður. „Ökumaður“ hefði að beiðni sinni komið yfir í lögreglubílinn. Maðurinn hefði neitað því að hafa ekið og sagt, að ökumaður hefði farið úr bílnum. Vitnið kvaðst vera viss um að hafa þekkt „ökumanninn“ aftur. Þetta hefði verið sami maður og sat undir stýri á bifreiðinni, þegar þeir fóru fyrst fram hjá henni. Vitnið sagði, að fimm manns hefðu verið í Subaru-bílnum, þegar það kom að honum, með ökumanni. Þeir lögreglumennirnir hefðu ekki skráð neitt um þetta fólk, þar sem þeir hefðu verið vissir um, að ákærði, Bárður, hefði ekið. Þá sagði vitnið, að bíllyklar hefðu ekki verið í kveikjúlásnum, og þegar hann hefði spurt „ökumann“ og aðra í bifreiðinni, hefði enginn virst vita neitt um þá. Það hefði gáð að þeim í hanskahólfi og á gólfi, en ekki leitað meira.

Vitnið Guðmundur Sigurðsson bar, að þeir lögreglumennirnir hefðu ekið inn á Öndverðarnessveg. Á honum, smáspotta frá Biskupstungnabraut, þar sem vegur greinist, hefðu þeir veitt athygli kyrrstæðri Subaru-bifreið. Þeir hefðu ekið fram hjá henni á hægri ferð. Vitnið kvaðst hafa séð, að fjórir menn hefðu verið í bifreiðinni að með töldum þeim, sem undir stýri sat. Það kvaðst hafa séð þann mann vel. Það minnti, að ekki hefði verið fólk fyrir utan bifreiðina. Vitnið bar, að þeir hefðu ekið áfram í átt að Öndverðarnessbæ. Þeir hefðu farið í hvarf við kyrrstæða bílinn, og er þeir komu úr því, hefðu þeir séð í baksýnispeglum, að Subaru-bifreiðin var að fara af stað í átt að Biskupstungnabraut. Þeir hefðu þá snúið við og ekið á eftir henni, og hefðu verið um 100-150 m á milli bíla. Subaru-bíllinn hefði

horfið þeim aftur smástund, en þeir hefðu séð hann, þegar hann kom að Biskupstungnabraut. Bílnum hefði verið ekið yfir hana og inn á hliðarveg á móti Öndverðarnessvegi. Þar hefði hann staðið, um 10 m frá Biskupstungnabraut, þegar þeir komu að honum. Vitnið sagði, að lögreglumaðurinn Valgeir hefði farið út til að hafa tal af ökumanni. Hann hefði komið með þann, sem undir stýri sat, yfir í lögreglubifreiðina. Það hefði verið sami maður og þeir sáu fyrst sitja undir stýri við Öndverðarnessveg. Vitnið kvaðst hafa verið alveg visst um það. Sá, sem þeir töldu vera ökumann, hefði verið undir áhrifum áfengis. Hann hefði neitað að hafa ekið og sagt, að einhver annar maður hefði gert það, sem horfið hefði á braut.

Framburður vitnisins Guðmundar fyrir dómi, sem hér hefur verið rakinn, er nokkuð á annan veg en í skýrslu hans fyrir lögreglu. Þykir dómara ástæða til að taka hér upp kafla úr lögregluskýrslunni: „Þar sem þessi bifreið (þ.e. Subaru-bifreiðin R-79801. -Innskot dómara.) var kyrrstæð, er við fórum þarna fram hjá, Sáum við, hvar annarri bifreið var ekið þarna skammt frá, og fórum við að þeirri bifreið ... Við snerum síðan lögreglubifreiðinni við í sömu átt og við komum. Þá Sáum við, hvar bifreiðinni R-79801 var ekið í átt að Biskupstungnabraut og fór hratt. Við veittum bifreið þessari eftirför og flýttum för okkar á eftir henni og Sáum, hvar henni var ekið norður yfir Biskupstungnabrautina, og var bilið á milli lögreglubifreiðarinnar og R-79801 ekki meira en 100 metrar. Nokkur brekka er af Biskupstungnabraut og norður vegarslóða beint á móti Öndverðarnessvegi, og hvarf bifreið þessi sjónum okkar aðeins smástund.“

Vitninu var bent á, að framburður þess fyrir dómi væri ekki í öllum greinum samhljóða lögregluskýrslunni, en það kvaðst ekki vilja breyta neinu í framburði sínum. Hann væri samkvæmt því, sem það myndi best.

Vettvangskönnun.

Dómari fór á vettvang í Öndverðarnesslandi 16. janúar ásamt þingvotti og vitninu Guðmundi Sigurðssyni og verjanda ákærða. Þetta er bókað í sakadómsbókina á vettvangi:

„Staldræð er við á vegamótum Biskupstungnabrautar og Öndverðarnessafleggjara. Á móti honum er afleggjari til norðurs og heitir Kónigsvegur skv. vegvísi. Land þar er þýft og vestan Kónigsvegar vaxið lágu kjarri, sem varla nær nokkurs staðar eins metra hæð. Næst er staldræð við á krossvegamótum inni á Öndverðarnessafleggjara, þar sem Subaru-bíllinn mun hafa staðið. U. þ. b. 150-200 m norðar, nær Biskupstungnabraut, er áberandi hæð eða aflangur hóll, og sér ekki norður til Biskupstungnabrautar.“

Niðurstöður.

Frásögn ákærða af atvikum er ekki sennileg. Dómara þykir með ólíkindum, að hinn óþekkti maður, sem ákærði segir, að ekið hafi bifreiðinni R-79801, hafi horfið á braut óséður á svo skömmum tíma sem það hlaut að hafa tekið lögreglumennina að komast að Subaru-bifreiðinni, þar sem hún hafði verið stöðvuð á Kónsvegi. Þá er á það að líta, að lögreglumönnum tveimur ber saman um, að maðurinn, sem sat undir stýri í bifreiðinni R-79801 kyrrstæðri við krossvegamót á Öndverðarnessvegi, hafi verið hinn sami og sat í ökumannssæti bílsins á Kónsvegi, þ.e. ákærði. Síst eykur það á trúverðugleika frásagnar ákærða, að hann nafngreindir ökumann í skýrslu sinni fyrir lögreglu, en kannast ekki við það fyrir dómi.

Þrátt fyrir þetta verða úrslit þessa máls þau, að ákærði verður sýknaður af ástæðum, sem nú verða raktar:

Ákærði hefur staðfastlega neitað því að hafa ekið bifreiðinni R-79801 í umrætt sinn. Lögreglumennirnir tveir sáu hann ekki gera það, en þeir eru einu vitnin í málinu. Frásögnum vitnanna fyrir dómi um aðdraganda þess, að þau komu að ákærða í ökumannssæti bifreiðarinnar á Kónsvegi, ber ekki fyllilega saman. Þykir dómara framburður vitnisins Guðmundar Sigurðssonar koma betur heim við staðhætti, sbr. framanskráða lýsingu af vettvangi. Samkvæmt þeim framburði og í samræmi við staðháttalýsinguna hefur bifreiðin R-79801 horfið sjónum lögreglumannanna tvisvar, eftir að þeir hófu eftirför, fyrr bak við aflanga hæð og síðar, er hún hvarf norður af Biskupstungnabraut inn á Kónsveg. Að mati dómara er ekki unnt að þvertaka fyrir, að annar maður en ákærði hafi ekið bifreiðinni. Telur dómari, að sök ákærða skv. ákæru hafi ekki verið sönnuð, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974. Beri því að sýkna hann.

Allur sakarkostnaður skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Kristjánssonar hdl., 40.000 kr. að viðbættum virðisaukaskatti.

Athugavert er, að frumrannsókn þessa máls var ekki sem skyldi. Þykir dómara einkum skorta á, að lögreglumennirnir tveir, sem handtóku ákærða, hefðu tal af þeim mönnum, sem með honum voru í bifreiðinni, og skráðu deili á þeim.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Bárður Sigurðs Magnússon, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Kristjánssonar hdl., 40.000 kr., að viðbættum virðisaukaskatti.